



# FRÉTTABRÉF

## Verkalýðsfélags Akraness

Desember 2011

Netfang: [vlfa@vlfa.is](mailto:vlfa@vlfa.is) • Heimasíða [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)



Ljósmynd: BB

Það er óhætt að segja að váleg tíðindi hafi borist atvinnulífinu hér á Akranesi þegar fjármálaráðherra kynnti nýtt frumvarp sem m.a. felur í sér nýjan afar íþyngjandi kolefnisskatt á stóriðjufyrirtækin. Þessi nýi skattur yrði veruleg ógn við atvinnuöryggi 300 starfsmanna Elkem Íslands, og afleidd störf sem eru um þúsund væru einnig í hættu.

### Nýr skattur á við helming launakostnaðar

Til að setja þetta í samhengi myndi fyrirhugaður skattur þýða aukakostnað fyrir Elkem Ísland sem nemur 430 milljónum á árinu 2013, 645 milljónum á árinu 2014 og 860 milljónum á árinu 2015. Þessu til viðbótar þyrfti Elkem síðan að greiða fyrir kaup á kolefnisheimildum fyrir kísil-, málm- og járnblendiiðnað en sá kostnaður yrði um 200 milljónir króna á ári til viðbótar. Til að sýna fátækleikann í þessu máli þá var heildarlaunakostnaður Elkem Ísland á síðasta ári 1,3 milljarðar þannig að þessir nýju skattar Steingríms yrðu ígildi 50% af heildarlaunakostnaði fyrirtækisins. Samkvæmt Evrópureglugerð um losunarheimildir er ál- og kísiliðnaður undanþeginn kolefnisskatti og því er það rangt hjá fjármálaráðherranum að hér sé verið að leggja á sambærilegan skatt og þekkist víða í Evrópu.

### Sveiflukenndur rekstur

Rekstur járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga er

afar sveiflukenndur og svona íþyngjandi skattheimta mun klárlega stefna fyrirtækinu og þeim störfum sem þar eru í stórhættu. Það er þyngra en tárur taki ef fyrirtæki sem hefur barist fyrir rekstrarafkomu sinni vegna aðstæðna á heimsmarkaði undanfarna áratugi þarf jafnvel að lúta í lægra haldi fyrir skattastefnu Steingríms J. Sigfússonar og ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Þess ber að geta að árin 1992 og 1995 vantaði einungis hársbreidd upp á að verksmiðjunni væri lokað vegna aðstæðna á heimsmarkaði, en nú gæti raunin orðið sú að verksmiðjan þyrfti að lúta í lægra haldi fyrir skattastefnu fjármálaráðherra.

### Á hvaða vegferð er ríkisstjórnin?

Formaður VLFA veltir því fyrir sér á hvaða vegferð ríkisstjórnin sé, í ljósi þess að þessi skattlagning mun klárlega setja lífsviðurværi hundraða fjölskyldna í algert uppnám og væntanlega setja framkvæmdir kísilveranna í óvissu. Hvernig eiga erlendir fjárfestar að hafa áhuga á að fjárfesta hér á landi og skapa atvinnu hér þegar svona vinnubrögð eru ástunduð af hálfu stjórnvalda?

Það er orðið löngu tímabært að fjármálaráðherrann átti sig á því að velferðarkerfi okkar Íslendinga byggist á því að búa til gjaldgæristekjur, þannig vinnum við okkur út úr vandanum. Það verður ekki gert með því að skattleggja útflutningsfyrirtækin út úr landinu með íþyngjandi álögum.



### Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Opíð er alla virka daga frá kl. 09:00 - 16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmmur Birgisson, í síma 8651294.

### Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður  
vilhjalmur@vlfa.is • 4309902

Björg Bjarnadóttir  
skrifstofufulltrúi  
bjorg@vlfa.is • 4309906

Auður Finnbogadóttir  
skrifstofufulltrúi  
audur@vlfa.is • 4309903

Dagbjört Guðmundsdóttir  
skrifstofufulltrúi  
dagbjort@vlfa.is • 4309905

Elín Th. Reynisdóttir  
starfsendurhæfingarráðgjafi  
elin@vlfa.is • 4309904

# Ávarp formanns

Ég hef ætíð trúað því að tilgangurinn með stofnun lífeyrissjóðanna á sínum tíma hafi verið sá að tryggja launþegum betri afkomu þegar að starfslokum kæmi. Við nánari skoðun hef ég komist að því að tilgangur lífeyrissjóðanna er fyrst og fremst sá að draga úr útgjöldum Tryggingastofnunar til lífeyrisþega og síðan væntanlega leggja hana niður í þeirri mynd sem við þekkjum hana í dag.



Vilhjálmur Birgisson,  
formaður VLFA

Ef fram heldur sem horfir, þá mun Tryggingastofnun heyra sögunni til eftir um 20 til 30 ár, alla vega hvað varðar greiðslur til ellilífeyrisþega.

Í dag greiðir Tryggingastofnun ellilífeyrisþega sem á engan rétt í lífeyrissjóði og býr einn 196.140 kr. á mánuði sem gerir 167.165 kr. í ráðstöfunartekjur að frádregnum skatti. Hvernig má það vera að einstaklingur sem hefur greitt í lífeyrissjóð í 40-50 ár skuli í mörgum tilfellum einungis fá 10.000 kr. meira á mánuði en einstaklingur sem aldrei hefur greitt í lífeyrissjóð? Skýringin felst í hinum skelfilegu skerðingum sem ríkisvaldið beitir lífeyrisþega. Skerðingin nemur nánast krónu á móti hverri krónu sem einstaklingur hefur í tekjur frá sínum lífeyrissjóði. Þegar launþegi hefur öðlast 350.000 kr. rétt úr sínum lífeyrissjóði þá hafa allar greiðslur frá Tryggingastofnun þurrkast út vegna skerðingarinnar. Á þessari forsendu tel ég að tilgangur lífeyrissjóðanna sé að leggja niður Tryggingastofnun í núverandi mynd.

Ég skora á fólk að kynna sér rétt sinn hjá sínum lífeyrissjóði og þær skerðingar sem verða á útgreiðslu lífeyris frá Tryggingastofnun. Ég tel gríðarlega mikilvægt fyrir sjóðsfélaga í lífeyrissjóðum að biða ekki til 67 ára aldurs, en byrja að taka sinn lífeyri út við fyrsta tækifæri. Í sumum lífeyrissjóðum er heimilt að hefja töku 60 ára. Með því að byrja töku lífeyris svona snemma verða skerðingaráhrifin frá Tryggingastofnun mun minni þegar þar að kemur og viðkomandi einstaklingur gæti haft umtalsverðan ávinning af því.

Það er hins vegar mat mitt að þetta lífeyrissjóðskerfi þurfi að endurskoða frá grunni, því það getur ekki verið edlilegt að sáralítill ávinningur sé fyrir launafólk að greiða í lífeyrissjóði þegar það horfir upp á að greiðslur frá Tryggingastofnun eru skertar nánast krónu á móti krónu. Það getur ekki hafa verið tilgangur með stofnun lífeyrissjóða að losa ríkið alfarið undan greiðsluskyldu til ellilífeyrisþega. Það hlýtur að hafa átt að vera tilgangur sjóðanna að þeir kæmu til viðbótar við það sem Tryggingastofnun greiðir.

### Fréttabréf Verkalýðsfélags Akraness

Nr. 13 • 7. árgangur • desember 2011

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness

Sími: 4309900 Fax: 4309901

Netf.: skrifstofa@vlfa.is

Ábm.: Vilhjálmmur Birgisson

Umsjón: Björg Bjarnadóttir

Umbrot: Björg Bjarnadóttir

Textavinna: Björg Bjarnadóttir og Dagbjört

Guðmundsdóttir

Prentun: Prentmet Vesturlands



## Félagsskírteini



Nú í desember mun félagsmönnum berast félagsskírteini frá VLFA. Kortinu ber að framvísa þegar nýta á afsláttar- og sérkjör hjá samstarfsaðilum Verkalýðsfélags Akraness. Undantekning eru sérkjör hjá Olís og N1, þar þarf að sækja um viðskiptakort eða lykil. Þessi sérkjör eru kynnt betur á bls. 7.

## VLFA á Facebook



Á Facebook geta félagsmenn látið sér "líka við" Verkalýðsfélag Akraness og þar með fengið aðgang að ýmsum upplýsingum um starfsemi félagsins, fundi og aðra viðburði og einnig upplýsingar um þá þjónustu sem félagið veitir.

Á síðunni er reynt eftir föngum að minna á umsóknir um styrki, lausa bústaði, kynningar og slíkt.

Það er ekki seinna vænna fyrir 87 ára gamalt félag að komast á Facebook og vonandi að félagsmenn njóti góðs af því.

## Félagavefur

Félagavefur VLFA er aðgengilegur frá heimasíðu félagsins: [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is). Á félagavefnum er mögulegt að skoða iðgjaldasögu, punktastöðu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Jafnframt býður félagavefurinn upp á upplýsingar um stöðu orlofshúsa og einnig er hægt að sækja um, bóka og greiða fyrir orlofshús með greiðslukorti.

Við innskráningu er notast við kennitölu og veflykil. Hafi netfang þitt verið skráð í tölvukerfi félagsins er mögulegt að fá týndan veflykil sendan í tölvupósti. Einnig er hægt að óska eftir fá nýjan veflykil heimsendan í pósti.

## Launahækkunarir

Samkvæmt flestum gildandi kjarasamningum eiga laun að hækka í kringum áramótin og eru félagsmenn hvattir til að fylgjast vel með því á launaseðlum og gera athugasemdir ef misbrestur verður á því. Skrifstofa félagsins veitir fúslega frekari upplýsingar og aðstoð ef óskað er og skulu félagsmenn ekki hika við að hafa samband ef þörf er á.

Launahækkunarir eiga að vera sem hér segir:

Samningur	Dagsetning	Hækkun
Almenni	01.02.2012	3,5%
Samiðn	01.02.2012	3,5%
Ríkið	01.03.2012	3,5%
Sveitarfélög	01.03.2012	3,5%
Elkem Ísland	01.02.2012	3,3%
Klafi	01.02.2012	3,5%
Norðurál	01.12.2011	5,35%

## Desemberuppbót

Verkalýðsfélag Akraness hvetur félagsmenn til að fylgjast vel með því að desemberuppbót skili sér rétt. Desemberuppbót skal greiða eigi síðar en 15. desember ár hvert miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember.

Athygli er vakin á því að eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning desember- og orlofsuppbótar.

Upphæð desemberuppbótar er mismunandi eftir kjarasamningum. Helstu upphæðir eru:

- Almennur vinnumarkaður, kr. 48.800,- (+15.000)
- Samiðn, kr. 48.800,- (+15.000)
- Ríkisstarfsmenn, kr. 48.800,- (+15.000)
- Sveitarfélög, kr. 75.500,-

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót kr. 15.000 til félagsmanna á almennum vinnumarkaði, innan Samiðnar og til ríkisstarfsmanna.

## Orlofsmál

# Nýr bústaður í Kjós

Í sumar festi Orlofsjóður VLFA kaup á fjögurra herbergja heilsárshúsi við Berjabraut í Kjós. Um er að ræða 83,2 fermetra hús



byggt árið 2005 sem stendur á fallegum útsýnisstað við Hvalfjörðinn í landi Háls í Kjós.

Húsið er á tveimur hæðum og er pallur að hluta yfirbyggður. Í húsinu eru tvö svefnherbergi á neðri hæð, auk eldhúss, stofu og baðherbergis. Góð lofthæð er í stofu og úr henni er stigi upp á risloft sem er eitt opið rými með útgengt í enda út á vestursvalir með fallegu útsýni.

Talsverðar endurbætur þurfti til að koma húsinu í viðunandi



ástand áður en mögulegt var að leigja það út til félagsmanna. M.a. var heitum potti komið fyrir, pallurinn stækkaður og styrktur og skjólveggur reistur í kringum hann svo nú er mögulegt að hafa hann alveg lokaðan.

Fyrsti leigjandinn gisti í húsinu um miðjan september og allar helgar í haust hafa verið fullnýttar. Það er að heyra á leigjendum að þeir hafi verið ánægðir með dvölinu og fagni þessari viðbót við þá orlofshúsakosti sem í boði eru hjá félaginu.

## Fosshótel

Á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness geta félagsmenn keypt gistimiða á Fosshótel. Miðað er við að hver félagsmaður geti keypt tvo miða á ári. Fosshótel er keðja 9 hótela í Reykjavík, Reykholti, Húsavík, Dalvík, Laugum, við Hornafjörð, í Skaftafelli og á Hellu. Á heimasíðunni [www.fosshotel.is](http://www.fosshotel.is) er að finna nánari upplýsingar um hvert og eitt þeirra.

Athygli er vakin á því að tvö hótelanna eru staðsett í Reykjavík: Fosshótel Lind á Rauðarárstíg og Fosshótel Barón á Barónsstíg. Félagsmenn hafa sérstaklega verið að nýta þessi hótél í tengslum við árshátíðir og aðrar skemmtanir eða í helgarferðir til höfuðborgarinnar.

Gistimiðinn kostar kr. 5.000 og gildir fyrir tveggja manna uppabúið herbergi með baði og morgunmat. Félagsmenn bóka sjálfir gistinguna og taka fram að greitt verði með gistimiða sem þeir síðan kaupa á skrifstofu VLFA.

## Félagsmál

# Fræðslusjóðir

Með aðild sinni að Verkalýðsfélagi Akraness eiga félagsmenn einnig aðild að ýmsum starfsmenntasjóðum. Félagið sér um umsýslu fyrir þessa sjóði og afgreiðir styrki til félagsmanna úr þeim.

Markmið starfsmenntasjóðanna er að auðvelda félagsmönnum fjárhagslega að stunda sí- og endurmenntun. Félagsmenn geta sótt um endurgreiðslu hjá félaginu vegna náms af ýmsu tagi, hvort sem er vegna styttri námskeiða, framhaldsnáms, háskólanáms og í sumum tilvikum einnig tótmstundanáms.

Aðild félagsmanna að starfsmenntasjóðum er eftirfarandi:

**Landsmennt** - verkafólk á almenna markaðnum

**Sjómennt** - sjómenn

**Ríkismennt** - félagsmenn er starfa hjá Ríkinu

**Sveitamennt** - félagsmenn er starfa hjá sveitarfélögum

**Iðan** - iðnaðarmenn (eingöngu fagnámskeið og tölvunámskeið)

Félagsmenn sem eru í námi eða hyggja á lengra eða styttra nám eru hvattir til að kanna rétt sinn til fræðslustyrks hjá skrifstofu félagsins. Það gæti margborgað sig.



## Dagbækur

Dagbók Verkalýðsfélags Akraness er í vinnslu um þessar mundir. Þar sem nú hefur verið tekið upp nýtt og þægilegra félagsskírteini á stærð við greiðslukort, gildir dagbókin ekki lengur sem félagsskírteini.

Dagbókin verður eftir sem áður prentuð um næstu áramót eins og vant er, en í minna upplagi og hún verður ekki send heim til félagsmanna.

Um áramót verður hægt að nálgast dagbókina á skrifstofu félagsins eða hafa samband og óska eftir að fá hana senda.

# Ferð „eldri deildar“ VLFA

Föstudaginn 9. september héldu eldri félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness ásamt mökum í sína árlegu dagsferð á vegum félagsins. Í ár var ferðinni heitið til Reykjavíkur.



Á Árbæjarsafni

Ekið var í tveimur rútum sem leið lá norður fyrir Akrafjall að Grundartanga þar sem ekki var áð, en aðeins keyrt um þetta svæði þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað síðustu ár með

tilheyrandi nýbyggingum og nýjum fyrirtækjum sem hafa hafið þar starfsemi sína.

Frá Grundartanga var ekið um Hvalfjarðargöng að Kjalarnesi. Hringur var ekinn um Grundarhverfi áður en haldið var áfram suður Vesturlandsveg í gegnum Mosfellsbæ og að Korpúlfsstöðum, framhjá Egilshöll og áfram upp í Grafarholt þaðan sem frábært útsýni er í allar áttir og ekki síst að Esju og upp á Akranes.

Fyrsti áningarstaður ferðarinnar var í Morgunblaðshúsinu í Hádegismóum þar sem vel var tekið á móti okkur. Karl Blöndal aðstoðarritstjóri ræddi við hópinn og síðan tók Svanhvít starfsmannastjóri við og leiddi hópinn í skoðunarferð um prentsmiðjuna.



Bjarnfríður Leósdóttir og Vilhjálmur Þirgisson við Höfða

Frá Hádegismóum var ekið rakleiðis að Árbæjarsafni þar sem leiðsögumennirnir Hjördís og Karl skiptu hópnum á milli sín og leiddu um safnið. Góður rómur var gerður að kynningu þeirra og hefðu margir vilja dvelja lengur á safninu enda könnuðust sumir vel við að hafa búið í húsum keimlíkum þeim sem tilheyra sýningunni á Árbæjarsafni.



Á Þjóðarbókhöfðunni

Næsti viðkomustaður var Höfði þar sem ferðafólk teygði úr sér í góða veðrinu og skoðaði þetta virðulega og sögulega hús, en búið er að setja upplýsingaskilti



Hópurinn að snæðingi á Munnhörpunni

við húsið sem fróðlegt er að líta á.

Þegar hér var komið sögu var ferðafólk farið að svengja enda sól að nálgast hádegisstað. Hádegisverður var snæddur á veitingastaðnum Munnhörpunni sem

er staðsettur í hinu nýja tónlistarhúsi Hörpu. Eftir matinn gat fólk gengið um Hörpu og skoðað sig um.

Frá Hörpu var ekið að Þjóðarbókhöfðu þar sem hópurinn fékk hlýjar móttökur. Í kynningu sem hópurinn fékk var sérstaklega tekið fram hversu ánægjulegt það væri að fá að kynna þjónustu bókhöfðunnar fyrir þessum aldurshópi þar sem yfirleitt væru notendur safnsins í yngri kantinum og aukinn fjölbreytileiki í þeim efnum væri af hinu góða.

Eftir að hafa blaðað aðeins í tímaritum og bókum á Þjóðarbókhöfðu lá leiðin á Austurvöll þar sem Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra, tók á móti hópnum og fylgdi um Alþingishúsið ásamt starfsmönnum Alþingis.

Hópurinn fékk góða og fróðlega leiðsögn um húsið og gott spjall við ráðherrann. Vegna stærðar hópsins þurfti að tvískipta honum og fór sá hópur sem var utan þings hverju sinni í Ráðhús Reykjavíkur þar sem sumir skoðuðu Íslandskortið á meðan aðrir gengu að Tjörninni og gáfu öndunum brauð. Á heimleiðinni var komið við í Perlunni þar sem félagið bauð upp á síðdegishressingu.



Við Tjörnina

Þykir ferðin í ár hafa heppnast einstaklega vel og kann félagið öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd hennar bestu þakkir fyrir. Sérstakar þakkir fær Björn Finsen leiðsögumaður sem kann, að því er virðist, áhugaverða sögu um hvern stein og hvert götuhorn sem á vegi hans verður, samferðafólki hans til fræðslu og yndisauka.

BB

# Herdís Ólafsdóttir - aldarminning

28.02.1911 - 28.02.2011



*Herdís Ólafsdóttir heldur ræðu 1. maí 1963 við gamla iðnskólabúsið. Ári síðar voru hátíðaböld 1. maí í fyrsta sinn haldin á binu nýja Akratorgi.*

félagsins og loks gegndi hún starfi á skrifstofu félagsins í þrjátíu ár allt til ársins 1990. Saga hennar innan félagsins spannar því um 60 ár í heildina og má nærri geta að hún hefur upplifað miklar breytingar sem og haft mikil áhrif á það starf sem þar fór fram.

Það er óhætt að segja að margt hafi breyst umtalsvert síðan Herdís gekk í Verkalýðsfélag Akraness og á það jafnt við um samfélagið í heild sem og starfsemi félagsins sjálfs. Það sem hefur þó ekki breyst er sú hugsjón innan félagsins að berjast fyrir hagsmunum verkafólks og má glöggt sjá af starfi Herdísar að þar var hún á réttum stað. Í Þjóðviljanum frá árinu 1945 má til dæmis finna viðtal við Herdís þar sem hún lýsir þeirri baráttu félagsins að reyna að jafna kaup karla og kvenna í fiskvinnslu. Hafði þá náðst þremur árum fyrr að semja um sama kaup fyrir konur og karla í uppvaski á fiski og var það stór áfangi. Í viðtalinu segir Herdís meðal annars um samningaferlið: „Yfirleitt má segja að nú á tímum sé það orðinn mesti barnaleikur að semja, borið saman við það sem áður var, þegar atvinnurekendur vildu ekki tala við mann og skelltu bara hurðum við nefið á sendinefndum verkalýðsfélaganna.“

Samkvæmt vinnudagbók Herdísar má þó sjá að enn gat verið snúið að kljást við atvinnurekendur 16 árum síðar því um miðjan nóvember 1961 skrifar Herdís um baráttu sína við atvinnurekendur sem skulduðu fjórum verkamönnum laun: „Fór á skrifstofuna og hringdi til þeirra í tíma og ótíma. Og öllu þessu náði ég samt inn en það var komið eitthvað fram á vetrarvertíð þegar ég loks gat afhent það síðasta. En ég vona að þeir ... hafi verið orðnir svo sárleiðir á mér sem vonlegt var að þeir leggi ekki á næstunni út í það æfintýri að greiða ekki skilvíslega vinnulaun.“



**Verkalýðsfélag Akranes - Kvinnadeild**  
*Aftari röð frá vinstri: Sigurlaug Stefánsdóttir, Kristín Kristinsdóttir og Gréta Gunnarsdóttir.*  
*Fremri röð frá vinstri: Herdís Ólafsdóttir, óþekkt og Bjarnfríður Leósdóttir.*

Herdís lést þann 16. apríl 2007, 96 ára að aldri. Þeir sem að Verkalýðsfélagi Akraness standa hugsa með hlýju og þakklæti til þessarar merku konu. Á sjötugsafmæli hennar árið 1981 orti Garðar Halldórsson, fyrrverandi starfsmaður og stjórnarformaður Verkalýðsfélagsins, kvæði Herdís til heiðurs og má sjá það hér til hliðar.

DG

## Herdís Ólafsdóttir sjötug – 28. febrúar 1981

Við sjötíu ára aldursmörkin,  
er áfanga slíkum náð,  
að tilefni gefst að gá í kring  
og gaumgæfa allt sitt ráð.  
Leiða hugann til liðinna stunda –  
hve lífssagan ört er skráð.  
Hvort reyndist uppskera æfisdagsins,  
eins og þó til var sáð.

Herdísi varð á unga aldri,  
alvara heimsins ljós.  
Það var barist um fyrir brauði sínu,  
bæði til lands og sjós.  
Þótt oft væri smátt um auraráðin,  
af þeim sjóði hún jó, sem  
byggðist á eigin eðliskostum  
og uppeldinu í Kjós.

Herdís átti í huga sínum  
þann hugsjónaeld, sem brann.  
Að eigin vali hún ákveðinn farveg  
athöfnum sínum fann.  
Því voru hennar örlög ungrar  
ofin við strenginn þann,  
sem tengdist vinnu og vandamálum,  
varðandi launþegann.

Herdís gekk þar án hiks í leikinn,  
sem henni fannst brýnust þörf.  
Bar fram kröfur um betri lífskjör,  
svo baráttuglöð og djörf.  
Þótt engum hlotnaðist eins og skyldi,  
umbun fyrir þau störf,  
var merkinu lýft og máttur vakinn,  
sem markaði aldaþörf.

Enn er Herdís á fundum að fjalla  
um félags- og kjaramál.  
Fyrir bættum högum og hjartari framtíð,  
er barist af lífi og sál.  
Ef illa gengur og æsist liðið,  
svo allt er að fara í bál,  
þá leggur hún ósjaldan yfirveguð  
orð sín á vogarskál.

Þótt Herdís liti um horfna vegi,  
úr huganum sumt er máð.  
Og tæpast hefur hún hreppst það allt,  
sem hugsað var um og þráð.  
En ávallt verður í eigin brjósti  
hvers orlagaglíma háð,  
hvort sem æfibrautin er urðarganga,  
ellegar blómum stráð.-

Já, Herdís er sjötug hvað holdið varðar  
en hugurinn yngri þó.  
Henni er enn svo órafjarri,  
ellinnar þöglu ró.  
Ekki er fallinn fjölskvi á eldinn,  
sem fyrrum í huga bjó.  
Enn mun hún beita upp í vindinn  
og ekki slaka á kló.

Það var Herdísar gæfa að ganga  
þá götu, sem kaus hún sér.  
Og megi hún áfram náðar njóta,  
nú þegar kvöldið fer.  
Ég vona að lýsi á lífsbraut hennar,  
svo lengi sem kostur er,  
sú þökk, sem ég held hún eigi inni,  
hjá okkur – mér og þér.

Garðar Halldórsson

# Sérkjör og afslættir fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness

Á árinu 2011 hefur félagsskírteini Verkalýðsfélags Akraness gilt sem afsláttarkort hjá fjölda fyrirtækja og þjónustuaðila á Akranesi. Þetta samstarf hefur gengið frábærlega og hefur mikill fjöldi félagsmanna notið góðs af þeim sérkjörum sem samstarfsaðilarnir bjóða.



Að sjálfsgöðu verður framhald á þessu samstarfi og nú hafa ennþá fleiri samstarfsaðilar bæst í hópinn.

## **Samstarfsaðilar Verkalýðsfélags Akraness eru:**

**Tryggingafélagið VÍS:** 5% afsláttur af iðgjöldum óháð öðrum afsláttarkjörum sem félagsmenn kunna að hafa.

**N1:** Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu, sjá nánar á [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

**Olís:** Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu, sjá nánar á [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

**Apótek Vesturlands:** 10% afsláttur af vörum í búð (ekki lyfjum).

**Gallerí Ozone:** 10% afsláttur.

**Omnis:** 15% afsláttur af skólavörum, skrifstofuvörum og bleki, 5% afsláttur af tölvum og öðrum vörum - 12 mánaða vaxtalaus lán á kreditkort (GSM símar undanskildir).

**Bifreiðaverkstæðið Brautin:** 7% afsláttur af vinnu.

**Model:** 5-10% afsláttur af ýmsum vörum, blómum, gólfefnum og tækjum, sjá nánar á [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

**Rafþjónusta Sigurdórs:** 5% afsláttur af vinnu og 10% afsláttur af efni.

**Bílar og dekk:** 10% afsláttur af dekkjum.

**Dekur snyrtistofa:** 10% afsláttur af allri þjónustu og vörum.

**Grand Hótel Reykjavík:** Friðindi og betri kjör á veitingum, gistingu og salarleigu, sjá nánar á [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)



Verkalýðsfélag Akraness

Sunnubraut 13 • 300 Akranes • Sími 430 9900 • Fax: 430 9901 • [skrifstofa@vlfa.is](mailto:skrifstofa@vlfa.is)

# Virk - Starfsendurhæfingarsjóður



Elín Th. Reynisdóttir, ráðgjafi VIRK

Í júlí síðastliðnum tók Elín Th. Reynisdóttir til starfa á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness. Þá tók hún við starfi ráðgjafa á sviði starfsendurhæfingar og býður hún félagsmönnum allra stéttarféлага á Akranesi þá þjónustu í samstarfi við VIRK, starfsendurhæfingarsjóð.

VIRK er sjálfseignarstofnun sem var sett á laggirnar af aðilum vinnumarkaðarins árið 2008. Hlutverk VIRK er að draga markvisst úr líkum á að launafólk


hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Ráðgjafar VIRK eru 28 og þjónustan er í boði um allt land.

Þjónusta ráðgjafa stendur til boða einstaklingum sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsuþrengingar og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Markmið ráðgjafar er ávallt að styðja einstaklinginn aftur til vinnu. Einstaklingum sem koma í viðtal til ráðgjafa hefur ýmist verið bent á þjónustuna af fagaðilum í heilbrigðis- og/eða félagsþjónustu, stéttarfélagi, atvinnurekanda eða fjölskyldu.

Ráðgjafar, sem starfa um allt land, nota samræmdar aðferðir til að meta þörf fyrir þjónustu. Þannig er í þróun svokallað starfshæfnismat sem er heildrænt mat á möguleikum einstaklings til að taka virkan þátt í atvinnulífinu. Það metur styrkleika og tækifæri ásamt því að greina hindranir einstaklingsins með tilliti til atvinnuþátttöku. Þetta mat getur krafist nokkurra viðtala hjá ráðgjafa áður en í ljós koma þarfir einstaklingsins. Endurhæfing getur falist í ýmsum þáttum er snúa að atvinnuþátttöku og þess vegna er mikilvægt að meta í upphafi hverjar þarfirnar eru. Í kjölfarið er gerð einstaklingsáætlun sem miðar að því að auka starfsgetu og áframhaldandi þátttöku á vinnumarkaði.

Mikilvægur þáttur í starfsendurhæfingu Virk er samvinna við aðra fagaðila sem koma að málum einstaklingsins. Samvinna aðila er nauðsynleg til að árangur verði sem bestur

og einstaklingurinn fái samhæfða þjónustu. Á Akranesi er góð samvinna við t.a.m. Endurhæfingarhúsið HVER, heilsugæslulækna, Vinnumálastofnun, Fjölskyldusvið Akraneskaupstaðar og aðra fagaðila sem starfandi eru á svæðinu.



Frá upphafi hafa 2.535 einstaklingar notið þjónustu ráðgjafa VIRK á landsvisi. Í súluritinu hér að ofan má sjá hvernig framfarsla einstaklinga var háttáð við upphaf (blá súla) og lok (rauð súla) þjónustu.

Nýverið fór VIRK af stað með þróunarverkefni til þriggja ára sem kallað hefur verið "Virkur vinnustaður" og eru 35 vinnustaðir tólf fyrirtækja og stofnana um land allt sem taka þátt. Lögð verður áhersla á að veita stjórnendum og starfsmönnum fræðslu og ráðgjöf við að móta og innleiða stefnu um velferð, fjarvistir og endurkomu til vinnu. Að auki er markmið verkefnisins að ná fram viðhorfsbreytingu þannig að gert sé ráð fyrir að allir hafi hlutverk í atvinnulífinu þrátt fyrir skerta starfsgetu af ólíkum ástæðum. Rannsóknir og reynsla sýna að oft er hægt að koma í veg fyrir að heilsuþrenging valdi skertri starfsgetu með því að grípa inn í veikindaferli með ýmsum leiðum og stuðningi á vinnustað.

Fyrir þá sem vilja kynna sér starfssemi VIRK frekar er bent á heimasíðuna [www.virk.is](http://www.virk.is).





# Hvað gerir félagið fyrir þig?



## Félagssjóður:

- Gerð og túlkun kjarasamninga • Lögfræðiráðgjöf
- Innheimta vangreiddra launa • Aðstoð við varðveislu áunninna réttinda



## Sjúkrasjóður:

- Sjúkradagpeningar • Fæðingarstyrkur
- Heilsueflingarstyrkur • Gleraugnastyrkur
- Heyrnartækjastyrkur • Dánarbætur • Styrkur vegna heilsufarsskoðana • Styrkur vegna glasa-, tækni- og vélavagnunar eða ættleiðingar • Styrkur vegna meðferðar hjá sálfræðingum
- Styrkur vegna göngugreiningar og innleggjakaupa



## Orlofssjóður:

- Orlofshús, sumar- og vetrarleiga • Veði- og Útilegukort með 50% afslætti • Ódýrari gisting á Fosshótelum og Edduhótelum • Frír aðgangur að tjaldsvæðinu í Svínadal og veiði í vötnunum þremur • Ódýrari ferðir í Hvalfjarðargöng og með Herjólfli • Ferð í boði félagsins fyrir eldri félagsmenn



## Vinnudeilusjóður:

- Styrkir í verkföllum eða verkbönum



## Fræðslusjóður:

- Styrkir vegna náms sem eykur möguleika á vinnumarkaði 75% af kostnaði upp að kr. 60.000 • Meirapróf er styrkt um kr. 100.000 • Tólmstundanám er styrkt um 50%, þó aldrei meira en um kr. 18.000



*Óskum félagsmönnum  
Verkalýðsfélags Akraness  
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs*

**RAMMAR OG MYNDIR**

**Skólabraut 27 • 431 1313**

**SJÓNGLERIÐ**

**Skólabraut 25 • 431 1619**

**VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA AKRANESS**

**Kirkjubraut 28 • 431 3099**

**EFLING STÉTTARFÉLAG**

**Sætúni 1 • 510 7500**

**APÓTEK VESTURLANDS**

**Smíðjuvöllum 32 • 431 5090**

**BRAUÐVAL**

**Vallholti 5 • 434 1413**



## Sjómenn athugið!

Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Akraness verður haldinn miðvikudaginn 28. desember nk. kl. 14:00 í fundarsal félagsins að Sunnubraut 13.

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

**Sjómenn eru eindregið hvattir til að mæta. Kaffiveitingar í boði.**

# Í nærmynd

Rætt við Þórarín Helgason, hamskera, Vestfirðing, trúnaðarmann starfsmanna Spalar og fráfarandi stjórnarmann VLFA



Þórarín Helgason, fararstjóri í dagsferð eldri félagsmanna árið 2007

„Ég er fæddur í Reykjavík 1950 og ólst þar upp til 11 ára aldurs. Þá keyptu foreldrar mínir Æðey af ömmusystkinum mínum í móðurætt og við fluttum vestur. Foreldrar mínir eru báðir úr Djúpinu, móðir mín fædd og uppalin í Æðey og faðir minn að Látrum í Mjóafirði. Ég tel mig því vera að vestan og ætli ég sé ekki ennþá aðkomumaður á Akranesi.“

Eiginkona Þóraríns, Margrét Bára Jósefsdóttir, er hins vegar Skagamaður en á ættir að rekja til Þýskalands. „Ég kynntist Báru fyrir misskilning í Klúbbnum í Reykjavík 1973. Þá var ég kominn úr námi í Edinborg þar sem ég lærði hamskurð og sameiginlegur kunningi okkar sem vissi af tengslum hennar við Þýskaland rakst þarna á Báru og vildi endilega kynna hana fyrir manni sem væri nýkominn frá Hamborg. Þannig að hann ruglaði svona saman borgum og þess vegna kynntumst við þarna fyrir tóman misskilning.“

Þegar Bára útskrifaðist úr ljósmæðraskólanum 1974 var Þórarinn að vinna við hamskurð hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Hann langaði lítið til að hanga einn hinum megin við Flóann og flutti á Akranes þar sem hann fékk vinnu á rannsóknarstofu Síldarverksmiðjunnar í þrjár vertíðir. Þórarinn var varla lentur á Akranesi þegar hann fór að skipta sér af verkalyðsmálum. „Fyrirrennari minn í starfi hafði fylgst með launaútreikningum og mér var falið það. Ég þurfti því að kynna mér launataxta og slíkt og það má segja að ein fyrsta stofnunin sem ég þurfti að leita til eftir að ég flutti á Akranes var Verkalyðsfélagið sem þá var á Suðurgötu. Þá var formaður Skúli Þórðarson og á skrifstofunni unnu þau Guðmundur og Herdís á þeim tíma. Þar kviknaði þessi áhugi hjá mér á félagsmálum og hefur haldist að mestu óslitinn síðan.“

Í gegnum tíðina hefur Þórarinn unnið ýmis störf til sjós og lands, var m.a. í millilandasiglingum um tíma og aðaltrúnaðarmaður í Sementsverksmiðjunni lengi vel. „Mér er minnisstætt þegar verksmiðjan á Grundartanga var reist hversu miklu munaði á launum þar og hjá hinni ríkisreknu Sementsverksmiðju. Það náðist að lokum að jafna þennan mun, en það þurfti margra ára baráttu til og jöfnunin náðist ekki í einu lagi heldur í nokkrum þrepum.“

Þórarinn var starfsmaður á Akraborginni frá 1986 og

vann þar meðal annars með Vilhjálmi Birgissyni. Þórarinn sigldi með síðustu ferð Akraborgarinnar árið 1998 þegar Hvalfjarðargöngin opnuðu og siglingum var hætt. „Ég tók líka fyrstu vaktina í gjaldskýli Spalar, en starfsmönnum Akraborgarinnar var boðið að sækja þar um starf. Við sem vorum að fara þarna inneftir vildum fá að hafa hönd í bagga með gerð kjarasamnings um þessi störf og höfðum samband við Verkalyðsfélagið og fengum fund með félaginu. Þar gerðum við athugasemdir við nánast hvert einasta atriði samningsins, að okkar mati var hann það dapur. Í samningnum voru ákvæði sem menn voru mjög ósáttir við, t.d. um hinn heilaga verkfallsrétt. Hann var fyrir borð borinn, þú hafðir hann ekki. Samningurinn var samt gerður óbreyttur og við starfsmennirnir höfðum ekki góða stöðu því það var ekki búið að ganga formlega frá ráðningu okkar og við fengum því ekki að kjósa um samninginn. Við hleruðum það líka að ef við hefðum verið með einhver uppsteyt þá værum við ekkert eina fólk á markaðnum sem var að leita að vinnu, ástandið á vinnumarkaðnum var þannig á þessum tíma að þú varðst að taka það sem að þér var rétt.“

„Strax og við vorum komin með ráðningu hófum við starfsmennirnir í rólegheitunum þreifingar við Spöl um lagfæringar á þessum hlutum og við fórum þar fremstir í flokki Vilhjálmur og ég. Það þurfti að kjósa trúnaðarmann innfrá og ég var nú með ákveðna reynslu í þeim efnum þannig að það voru óskir um að ég tæki það að mér, en ég hafnaði því á þeim forsendum að Vilhjálmur væri með stærsta barnahópinum og hann væri þá hungraðastur. Ég held að það hafi verið ágætis rök. Hann varð s.s. trúnaðarmaður þarna og svo í kjölfar þess var hann kosinn inn í stjórn og trúnaðarráð Verkalyðsfélagsins. Þá fór boltinn að rúlla og ég held að flestir þekki þá sögu. Við sem tókum við stjórn félagsins 2003 höfum nánast öll setið samfleytt síðan þá og þetta er þéttur og samstilltur hópur sem hefur náð að vinna félagið vel upp úr þeim öldudal sem það var í, bæði fjárhagslega og félagslega.“



Í Æðey 2008

Eftir að hafa starfað sem meðstjórnandi í stjórn Verkalyðsfélags Akraness frá 2003 til 2007 og vararitari frá 2007, ákvað Þórarinn nú í haust að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. „Ég hef alls ekki misst áhugann á félagsmálum, langt í frá, en

mér fannst kominn tími til að hleypa öðrum að. Auðvitað mun ég áfram fylgja með enda er málflutningur Verkalyðsfélags Akraness töluvert í umræðunni og ég finn að félagið er mikils metið í þjóðfélaginu. Félagið hefur líka verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hjá því hefur starfað kraftmikið starfsfólk þessi ár. Þetta hefur ekki alltaf verið auðvelt enda var staða félagsins afskaplega slæm þegar við komum, en okkur tókst þetta og starfið hefur verið gæfuríkt öll þessi ár.“

BB

Við óskum félagsmönnum  
Verkalýðsfélags Akraness  
gleðilegra jóla!



# Jólagjöf sem hentar öllum



## Pegar þú notar Gjöfakort Landsbankans

til jólagjafa verður jólagjöfin aldrei vandamál. Gefandinn ákveður upphæðina og viðtakandinn velur gjöfina. Þú færð gjöfakortið í næsta útibúi.

